

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 957 — 227. mál.

Skýrsla

mennta- og menningarmálaráðherra um útfærslur framhaldsskólanna á námi á tímum kórónuveirufaraldursins samkvæmt beiðni.

Með beiðni á þskj. 229 frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðmundi Andra Thorssyni, Guðjóni S. Brjánssyni, Helgu Völu Helgadóttur, Loga Einarssyni, Oddnýju G. Harðardóttur, Andrésí Inga Jónssyni, Birni Leví Gunnarssyni, Jóni Þór Ólafssyni, Smára McCarthy, Halldóru Mogensen, Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, Hönnu Katrínu Friðriksson, Jóni Steindóri Valdimarssyni og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur er þess óskað að mennta- og menningarmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um útfærslur framhaldsskólanna á námi á tímum kórónuveirufaraldursins.

Inngangur

Hinn 17. febrúar 2020 sendi mennta- og menningarmálaráðuneytið bréf til forstöðumanna þar með talið skólameistara framhaldsskóla um viðbragðsáætlanir til að takast á við afleiðingar neyðarástands og mikilvægi þess að yfirfara þær í þeim tilgangi að uppfæra upplýsingar um neyðarstjórn, boðleiðir og verklag sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Í auglýsingu frá heilbrigðisráðherra hinn 13. mars 2020 var tilkynnt að skólastarf yrði takmarkað tímabundið til þess að hægja á útbreiðslu COVID-19. Takmörkun gilti frá 16. mars 2020 til 12. apríl 2020 og tók til leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Framhaldsskólum var skylt að loka og sinna fjarkennslu eftir því sem unnt var og samkvæmt nánari ákvörðun menntayfirvalda. Framhaldsskólunum var falið að útfæra allt skólastarf með hliðsjón af sóttvarnareglum.

Lokun framhaldsskólanna var framlengd til mánudagsins 4. maí 2020 en eftir þann dag gátu kennarar komið í skólann og nemendur einnig ef þörf var talin á því. Nýttu fæstir skólarnir sér það og skólaárinu lauk með fjarkennslu og símati, heimaprófum og þess háttar. Útskriftir fóru fram með ýmsu móti þar sem enn var í gildi fjöldatakmörkun sem miðaði við 50 manns. Sumir skólar frestuðu útskriftum þar til samkomubann var rýmkað enn meira, jafnvel fram á haust.

Framhaldsskólar hófu kennslu haustið 2020 með takmörkuðu skólahaldi, þ.e.a.s. með 100 manna fjöldatakmörkunum og 1 metra nálægðartakmörkun. Auðveldara var fyrir fámennari skóla að hefja hefðbundið skólastarf með staðnámi en stærri skólarnir brugðu á það ráð að skipta skólunum upp í svæði þar sem hvert svæði var með sérinngang og salerni. Þannig gátu skólarnir hafið skólastarf um haustið í staðnámi og mikilvægast var talið að bjóða staðnám fyrir nýnema, nema í verk- og starfsnámi og nemendur á starfsbrautum fatlaðra.

Samkvæmt upplýsingum frá skólunum þegar mánuður var liðinn af skólaárinu þá fengu nemendur í fámennari skólum kennslu með hefðbundnum hætti, en til þeirra teljast um 10 skólar með nemendur á bilinu 100 - 400. Í fjölmennari framhaldsskólum, sem eru um 20 talsins, var nemendum í bóknámsáföngum oft skipt upp í tvo hópa og mættu þeir til skiptis í skólann. Hlutfall staðnáms í þessum skólum var mismunandi eftir aðstæðum, eða allt frá því að vera um 75% niður í það að vera um 25%. Í langflestum fjölmennari skólum fór um 50% bóknáms fram í staðnámi í upphafi haustanna.

Verk- og starfsnám var yfirleitt í staðnámi og þar var vel gætt að sóttvörnum og ef ekki var hægt að tryggja nálægðartakmörk voru notaðar andlitsgrímur og hanskar. Þá voru nemendur á starfsbrautum að fullu í staðnámi og víða voru einnig í staðnámi þeir nemendur sem eru á framhaldsskólaprófsbraut, en þeir eru taldir í mestri brotthvarfshættu. Skólarnir þurftu síðan að bregðast við meiri fjöldatakmörkunum þegar leið á haustið og veturinn og skipuleggja skólastarfið allt frá því að geta haft 200 nemendur í hólfi niður í 10 manna fjölda leyfðan í einu rými.

Í leiðbeiningum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til skólameistara hinn 20. september 2020 kom fram að mælst væri til þess að nemendur, kennarar og annað starfsfólk framhalds- og háskóla noti grímur í öllu skólastarfi. Ráðuneytið í samstarfi við heilbrigðisráðuneyti tryggði framhaldsskólum aðgang að grimum og þannig var reynt að

tryggja að staðnám héldist að sem mestu leyti óbreytt. Mat um grímunotkun í skólum utan höfuðborgarsvæðisins skyldi vera háð aðstæðum í hverju tilfalli fyrir sig, út frá aðstöðu hvers skóla og útbreiðslu smits í nærsamfélaginu.

Í desember 2020 var skólastarf á framhaldsskólastigi heimilt að því tilskildu að nemendur og starfsfólk geti haft minnst 2 metra fjarlægð sín á milli og fjöldi nemenda og starfsmanna fari aldrei yfir 25 í hverju rými. Sé ekki unnt að halda 2 metra fjarlægð skulu nemendur og starfsmenn nota andlitsgrímur. Samkvæmt reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. 1306/2020, sem gildi frá 1. janúar 2021 var skólastarf með sama hætti áfram að öðru leyti nema hámarksfjöldi nemenda og starfsmanna var 30 í hverju rými og blöndun nemenda milli hópa var heimil í kennslu. Þann 24. febrúar 2021 tók síðan gildi reglugerð sem heimilaði skólastarf á framhaldsskólastigi að því tilskildu að nemendur og starfsfólk geti haft minnst 1 metra fjarlægð sín á milli og fjöldi nemenda og starfsmanna fari aldrei yfir 150 í hverju rými. Sé ekki unnt að halda 1 metra fjarlægð skulu nemendur og starfsmenn nota andlitsgrímur. Þessi reglugerð gildir til og með 30. apríl 2021.

Ráðuneytið kom til móts við óhefðbundið skólaár og breytti reglugerð nr. 260/2017 um starfstíma framhaldsskóla. Breytingin fól í sér að skólaárið 2020-2021 er skólameistara heimilt að ákveða, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, hvernig starfsemin innan fyrrnefndra 180 daga skiptist á milli undirbúnings, kennslu og námsmats.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur lagt áherslu á að halda skólasamfélaginu vel upplýstu og hefur átt yfir 125 samráðsfundi með skólameisturum, forystumönnum Kennarasambandsins, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og fleirum. Markmið fundanna hefur verið að veita upplýsingar og ræða álitamál. Mikið samstarf ráðuneytis og skólameistara er til staðar og er skólameisturum veittur stuðningur og leiðsögn á tímum takmarkaðs skólastarfs vegna COVID-19. Hinn 7. mars 2020 var stofnaður sérstakur vettvangur fyrir samskipti ráðuneytis, stjórnendur framhaldsskóla og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) á Vinnusvæðinu (e. Workplace). Hefur það reynst mjög vel til að koma áriðandi skilaboðum til skólanna og einnig sem samskiptavettvangur þeirra á milli. Ráðuneytið fylgist vel með starfi skólanna og hefur reglulega kallað eftir upplýsingum frá skólunum, m.a. um kennslufyrirkomulag, staðnám, stuðning við nemendur yngri en 18 ára, hlutfall fjarkennslu eða fjarnáms og staðnáms í skólunum, hvort fjarkennsla sé skipulögð eftir stundatöflu eða á annan hátt. Kannað hefur verið hvernig verknám fer fram og hvort skólarnir hafi sett ákvæði um sóttvarnir í skólareglur skólans. Þá var óskað eftir mati skólameistara á helstu áskorunum og hvernig til hefur tekist hingað til.

Rík áhersla hefur verið bæði hjá ráðuneytinu og skólunum að fylgjast með og hvetja til virkni hjá nemendum. Reiknað árlegt brotthvarf nýnema miðað við 1. október 2020 gefur ekki vísbendingar um aukið brotthvarf en skólarnir hafa frá upphafi sóttvarnaráðstafana unnið markvisst að því að styðja við nemendur í brotthvarfshættu.

Ráðuneytið og skólarnir hafa lagt áherslu á að fylgjast vel með líðan nemenda á þessum erfiðu tímum. Í samstarfi við sérfræðinga sem vinna í stoðkerfi framhaldsskóla og fulltrúa nemenda SÍF hefur staðan verið kortlögð og leiða leitað til að bæta aðgengi nemenda að stoðþjónustu, einkum geðheilbrigðisþjónustu. Dæmi um það er samstarf mennta- og menningar- málaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um eflingu geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum frá ársbyrjun 2018 sem lýtur að því að auðvelda framhaldsskólanemendum aðgengi að sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðum. Jafnframt hóf mennta- og menningarmálaráðuneyti haustið 2020 tilraunaverkefni til tveggja ára með sex framhaldsskólum um nýtingu tæknilausna til að bæta og auka stoðþjónustu við nemendur í framhaldsskólum. Gerður var

samningur við veflausnafyrirtækið Kara connect ehf. um að setja upp sérstakt bókunar-, skráningar- og viðtalskerfi í viðkomandi skólum þar sem sérfræðingar í stoðkerfi skólanna taka þátt.

Þá var unnin könnun á stöðu framhaldsskólanema á tímum kórónuveirunnar í samvinnu við Samband íslenskra framhaldsskólanema. Könnunin var send út í lok nóvember 2020 til úrtakshóps framhaldsskólanema. Markmiðið var að fá skýrari mynd af líðan og námi nemenda á þessum erfiðu COVID-tímum.

Niðurstöður könnunarinnar sýna m.a. að rúmur helmingur nemenda segist ganga betur í staðnámi en í fjarnámi, á meðan tæpur fjórðungur nemenda metur að þeim gangi betur í fjarnámi. Fjórðungur nemenda segist ganga jafn vel í fjarnámi eða staðnámi.

Þá kemur fram að kvenkyns nemendur í framhaldsskólum mælast að meðaltali með hærra skor á skólum fyrir þunglyndi, kvíða og streitu. Með meðaltali eru yngstu nemendurnir, 16 ára með lægstu skor á þunglyndis- og streitukvarða af aldursflokknum.

Um 70% nemenda eru ánægðir með viðbrögð síns skóla gagnvart COVID-19 og ¾ hlutar nemenda finnast sóttvarnir í skólanum vera nægilega tryggðar. Álíka stór hluti finnst skólinn veita sér nægilegar upplýsingar um stöðu mála hverju sinni.

Í samræðu ráðherra, skólameistara, kennaraforustunnar og framhaldsskólanema hefur komið fram að mikilvægt er að draga lærdóm af góðum árangri á ýmsum sviðum á þessum tíma og af þeim hindrunum sem hafa orðið á veginum. Þann lærdóm má nýta til að þróa fjölbreyttari kennsluaðferðir innan skólanna og við námsmat. Aukið fjarnám er í takt við þá þróun sem á sér stað í fjórðu iðnbyltingunni og opnar nýjar leiðir í námsframboði fyrir nemendur óháð búsetu þeirra og stöðu.

Við vinnslu skýrslunnar var haft samstarf við Skólameistarafélag Íslands og upplýsinga aflað frá skólameisturum.

1. Hvaða aðgerðir hafa tekist vel hingað til og hverjar hafa verið helstu áskoranir?

Það að færa allt bóklegt nám yfir á vefinn með örstuttum fyrirvara var að flestu leyti vel heppnað og sýnir mikinn sveigjanleika starfsmanna skólanna. Áhyggjur voru um að nemendur yrðu mjög óvirkir og var gripið til þess ráðs að náms- og starfsráðgjafar hringdu í nemendur bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingar frá kennurum og skólastjórnendum. Mætingar nemenda þegar vorönnin var gerð upp reyndust betri en margir höfðu óttast og sama má segja um námsárangur. Kennarar voru fljótir að tileinka sér nýja tækni og hafa verið í viðvarandi lærdómsferli í þeim efnum. Sú reynsla mun án efa skila sér áfram. Kennsla í verknámi hefur víða gengið vel, enda hefur hún oftast verið í staðnámi. Kennarar komu fram með mjög hugvitssamlegar og frjóar lausnir í verknámi.

Að vissu leyti var erfiðara að gera námið fjölbreytt og brjóta upp kennslu í bóklegum greinum þar sem kennslan fór öll meira og minna fram í gegnum fjarkennslubúnað og verkefni. Skólar höfðu ekki mótað sér verklagsreglur varðandi tilhögun kennslu, s.s. hvort kennari kenndi eftir stundatöflu, tæki upp fyrirlestra eða blandaði saman aðferðum þannig að hann t.d. hittir nemendur að hluta eftir stundatöflu og að hluta væri verkefnavinna ígildi mætingar. Sama má segja um það með hvaða hætti nemendur og kennarar höfðu samskipti sín á milli utan kennslustunda.

Möguleikar nemenda til félagsstarfs og félagslegra samskipta sem eru stór hluti af hinni duldu námskrá skólastarfs voru einnig mjög takmarkaðir.

Hvað kennara varðar þá var það nokkur áskorun að vinna heiman frá sér við mismunandi aðstæður. Skil á milli atvinnu og einkalífs rofnuðu og kennarar þurftu að verja miklu meiri

tíma en áður við undirbúning og samskipti við nemendur. Þá hefur viðvarandi óvissuástand gert alla áætlanagerð erfiðari og kennarar jafnt sem nemendur þurft að búa sig undir að skipta með litlum fyrirvara frá staðnámi í fjarnám og öfugt.

2. Hvaða ófyrirséðu atvik hafa komið fram hingað til?

Takmörkun á skólahaldi leik- og grunnskóla hafði áhrif á starfsfólk framhaldsskólanna því sumir voru með börn heima á meðan þeir voru í heimavinnu. Ekki var skylda að notast við andlitsgrímur í skólastarfinu á vorönn, en nýtt ákvæði var sett í reglugerð heilbrigðisráðuneytis um haustið um að í framhaldsskólum skyldi nota andlitsgrímur, ef ekki var unnt að halda 2 metra fjarlægð á milli nemenda og kennara.

Framhaldsskólar höfðu undirbúið sig nokkuð vel og höfðu á undarförnum tveim árum unnið að áætlunum vegna ófyrirséðra atvika, „Vörn gegn vá“, að frumkvæði Skólameistarafélags Íslands í samstarfi við Ríkislögreglustjóra og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Eðli málsins samkvæmt komu ólík mál upp í mismunandi skólum en þessi undirbúningsvinna var öllum mjög hjálpleg. Opnuð var strax í upphafi samkomubanns sérstök síða á „Workplace“ þar sem skóla- og aðstoðarskólameistarar ásamt starfsfólki ráðuneytisins komu saman og deildu reynslu sinni og spurningum. Könnun formanns skólameistarafélagsins meðal annarra skólameistara sýndi að það gekk vel að færa námið á netið og engrar örvæntingar gætti á meðal starfsfólks.

3. Lögðu skólastjórnendur fram ramma og leiðarvísi fyrir kennara um fjarkennslu á vorönn 2020?

Allir skólar unnu samkvæmt eigin áætlun, en farnar voru ólíkar leiðir í skólum þar sem sumir skólar fylgdu stundatöflu meðan aðrir færðu kennsluna meira í hefðbundið fjarkennsluform. Í öllum skólum var fjarkennsluhugbúnaður notaður. Sumir skólar voru betur undirbúnir en aðrir en öflugt samstarf á milli skóla og við mennta- og menningarmálaráðuneyti hjálpaði mikið til að sögn skólameistara.

4. Liðu einhverjar námsgreinar sérstaklega fyrir fjarkennslu í vor? Hefur verið gripið til aðgerða til að hægt verði að bæta upp námsframvindu í þeim greinum?

Nám í ákveðnum raun-, verk- og listgreinum var takmarkað síðastliðið vor. Til að bregðast við því kenndu margir skólar þessar greinar lengur fram í maí en gert hafði verið ráð fyrir samkvæmt skóladagatali. Að sögn skólameistara verknámsskóla gekk þetta vel en álag á nemendur þessara greina var mikið í maí. Benda má á það að margir hafa haldið úti metnaðarfullu listnámi í fjarnámi.

5. Hefur undirbúningstími kennara aukist við þessar aðstæður?

Samkvæmt könnun Félags framhaldsskólakennara í október 2020 hefur undirbúningstími kennara aukist verulega, eða um a.m.k. 30-40%. Meðal þess sem hefur aukist er undirbúningur kennslustunda, verkefna- og prófagerð, verkefnayfirferð og annað námsmat, skipulag og próf.

6. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að auka framboð á góðum rafrænum og gagnvirkum námsgögnum? Í hvaða námsgreinum hefur það verið gert?

Þeir skólar sem hafa verið öflugir í fjarnámi standa betur að vígi með rafrænar lausnir og þar má finna í auknu mæli rafrænt námsefni ásamt gagnvirkum æfingum sem kennarar hafa sjálfir útfært. Einstakar bókaútgáfur hafa gefið út rafrænt námsefni og virðist vera mikil

framþróun í þeirri vinnu. Rafrænar möguleikar hafa auðveldað kennurum að setja námsgögn inn kennsluvefi eins og Moodle og Innu. Jafnframt er bent á að framhaldsskólar og kennarar þeirra ákveða hvaða námsgögn eru notuð í hverjum áfanga. Ekki er um að ræða miðlæga námsgagnaútgáfu á framhaldsskólástigi.

7. Hvernig var stuðningi við nemendur með sérþarfir háttáð?

Á vorönninni útbjó starfsfólk starfsbrauta fyrir fatlaða nemendur sérstakar einstaklingsmiðaðar áætlanir fyrir nemendur og voru síðan í nánú sambandi við heimilin. Á allri haustönninni hefur aftur á móti verið lögð áhersla á að halda úti starfi á starfsbrautum framhaldsskólanna.

8. Var verkefnaálag nemenda endurskoðað í ljósi aðstæðna og breyttra kennsluhátta?

Mjög mikil áhersla var lögð á að halda framhaldsskólanemum virkum og kennarar hvattir til þess að sýna sveigjanleika t.d. við verkefnaskil. Það kann að hafa orðið til þess að í sumum tilfellum hafi verið slegið eitthvað af kröfum áfanga, einstök verkefni sameinuð eða sleppt og vægi annarra verkefna hækkað.

Þá þreyttu margir nemendur lokapróf heima án hefðbundinnar prófayfirsetu kennara og var aukin áhersla víða á gagnapróf. Nemendum var almennt gert auðveldara með að segja sig úr einstökum áföngum í þeim skólum sem það átti við þegar leið á haustönnina.

Hvort að þetta hafi neikvæð áhrif á árangur nema í þeim áföngum sem eftir eru á eftir að koma í ljós, en kennarar eru meðvitaðir um þennan möguleika.

9. Skipti tækjakostur skóla máli fyrir fjarkennslu? Hafa allir kennarar aðgang að viðeigandi búnaði til að sinna fjarkennslu óháð staðsetningu?

Samkvæmt könnun Skólameistarafélags Íslands á meðal framhaldsskólanna var ekki skortur á tækjum og netsamband gott. Jafnframt var í flestum tilfellum keyptur tækjakostur ef upp á vantaði. Eitthvað vantaði af vefmyndavélum í byrjun en fljótlega var bætt úr því. Flestir kennarar eru með fartölvur frá skólunum og flestir skólar gerðu hvað þeir gátu til þess að auðvelda fjarkennslu, t.d. með því að útvega kennurum skjái og heymartól og leyfa þeim að taka skrifborðsstóla með heim. Vinnuveitendur hafa fram til þessa ekki greitt kennurum sérstaklega fyrir nettengingu.

Fjölmargin skólar buðust til að lána nemendum tölvur, ef þeir höfðu ekki aðgang að þeim. Ekki er vitað til þess að eftirspurn hafi farið fram úr framboði.

10. Var kennurum boðin fræðsla í tækni- og menntunarfræðum í tengslum við fjarkennslu? Er í ráði að bjóða slíka fræðslu fyrir kennara? Er til skoðunar að efla þennan þátt í grunnnámi í kennslufræði?

Flestir skólar hafa lagt áherslu á að aðstoða kennara við að aðlagast breyttu kennsluumhverfi með einum eða öðrum hætti, m.a. með námskeiðum, skriflegum leiðbeiningum og kennslumyndböndum. Þá hafa kennarar 80 klst. á ári til starfsþróunar samkvæmt kjarasamningi sem þeir geta nýtt til að efla sig í starfi þar sem helst er þörf á hverju sinni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samvinnu við Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu könnun í haust á upplifun og viðhorfum kennara til lykilþátta í starfi þeirra á tímum heimsfaraldurs, t.d. um líðan í starfi og álag. Þar kom m.a. fram að 71% framhaldsskólakennara sögðust hafa aflað sér nýrrar þekkingar tengdrar kennslu

á tímum COVID-19. Þá sögðust 80% framhaldsskólakennara hafa tileinkað sér nýja starfshætti á þessu skólaári. Þá má geta þess að stjórn Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara hyggst bjóða kennurum í framhaldsskólum upp á námskeið í fjarkennslu sem haldið verður á vorönn 2021.

Í kennaramenntun er lögð áhersla á að nemar öðlist hæfni í að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu. Hröð þróun upplýsingatækni kallar á aðlögunarhæfni og sveigjanleika í skólastarfi til að prófa nýjar leiðir. Nemendur kynnst fjölbreyttum leiðum til miðlunar og samstarfs og má segja að upplýsingatækni komi á einn eða annan hátt inn í flest námskeið í kennaranámi þar sem áhersla er á fjölbreytta nálgun í kennslu og námi. Fjallað er um stafræna borgaravitund, ábyrga netnotkun og kynnt ýmis kennsluforrit og vefstól sem nýtast kennurum í daglegu starfi. Þá geta nemar að einhverju leyti stýrt áherslum í náminu. Nemendur í kennslufræðum við Menntavísindasvið HÍ geta t.a.m. valið sérhæfingarleið sem nefnist upplýsingatækni í skólastarfi.

Kennaramenntun er á ábyrgð þar til bærra kennaramenntunarstofnana og ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hvort til standi að efla fræðslu í tækni- og menntunarfræðum er varða fjarkennslu í grunnnámi í kennslufræðum.


11. Hvernig er stuðningi háttað við þá nemendur sem hafa ekki aðstöðu til að taka þátt í fjarkennslu eða hafa ekki aðgang að viðeigandi tækjabúnaði? Hversu stór hópur hefur þurft á slíkum stuðningi að halda?

Vitað er að aðstæður heima fyrir eru mjög misjafnar hjá nemendum, bæði hvað varðar fjölskylduáðstæður og húsnæði. Þá býr hluti nemenda á tveimur heimilum. Erfiðar fjölskylduáðstæður, þrengsli eða næðisleysi á heimilum gerðu sumum nemendum erfitt fyrir að stunda námið. Ekki hefur verið gerð nein úttekt á hve stór þessi hópur er. Skólar reyndu hver með sínum hætti að halda utan um sína nemendur eins og kostur er með viðtölum og sálrænum stuðningi. Skólar reyndu að koma til móts við þá nemendur sem ekki áttu tölvur og lána þeim nemendum sem þess þurftu gamlar tölvur í eigu skólanna, en ekki liggur fyrir hve stór hópur nemenda þurfti á slíku að halda.

12. Hvert var hlutfallslegt brotthvarf á vorönn 2020 miðað við fjölda skráðra nemenda 1. mars 2020 í hverjum skóla borið saman við árið á undan ?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgist náið með starfi framhaldsskóla og fundar ráðherra reglulega með skólameisturum, þar sem meðal annars er fjallað um líðan og árangur nemenda. Fram hefur komið að skólameistarar meta það ekki svo að nemendum sem hætta á miðri önn hafi fjölgað þrátt fyrir áhrif COVID-19. Greining á brotthvarfi úr framhaldsskólum

fer almennt fram einu sinni á ári og liggur nú fyrir tölfræði um árlegt nýnemabrotthvarf.



Eins og sjá á á grafinu hefur þeim nýnemum framhaldsskólanna fækkað sem hverfa frá námi á fyrsta ári sínu í framhaldsskóla. Brotthvarfshlutfall nýnema sem eru að koma beint úr grunnskóla hefur þannig farið lækkandi sl. 3 ár og var skólaárið 2019-2020 engin undantekning frá því þrátt fyrir COVID-19 sl. vorönn. Brotthvarf er áfram meira meðal drengja, eða 4,9% heldur en stúlkna, 3,2%.

Brotthvarf nýnema í framhaldsskólum er mikilvæg stærð þegar almennt brotthvarf er skoðað. Úttektir sýna að nýnemi sem hverfur frá námi á fyrsta ári í framhaldsskóla er tíu sinnum líklegri til að vera einnig horfinn frá námi ári síðar, en þeir sem klára fyrsta árið í framhaldsskóla.

13. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef brotthvarf nemenda eykst og hvaða leiðir telur hann færar til að taka aftur á móti þeim nemendum í skólana á næstu árum?

Eitt einkenni íslenska framhaldsskólakerfisins er hve opið það er. Fólk getur almennt stjórnað því hvenær það fer í framhaldsskóla, hvenær það gerir hlé á námi og hvenær það kemur til baka eftir hlé frá námi. Slíkt fyrirkomulag getur vissulega leitt til aukins brotthvarfs en kerfið er mun opnara samanborið við önnur lönd. Það er því almennt ekki fyrirstaða að nemendur komi í framhaldsskóla á ný. Um þessar mundir er mikil áhersla á að bjóða upp á aukið nám í framhaldsskólum m.a. til að mæta atvinnulausum og mun verða lögð áhersla á aukið samstarf hlutaðeigandi aðila um að styðja við nám í framhaldsskólum í náinni framtíð.

14. Skólunum er í sjálfsvald sett hvort þeir borga álag vegna kórónuveirufaraldursins og bónusgreiðslur til kennara því mismunandi eftir því í hvaða skóla þeir kenna. Hyggst ráðherra veita aukið fé til skólanna til að bæta fyrir þetta álag?

Mennta- og menningarmálaráðherra leggur áherslu á að skólar komi til móts við aukið álag kennara vegna COVID-19 og ráðherra og ráðuneytið hafa kannað reglulega stöðu málsins bæði með fundum með hagsmunaaðilum og könnunum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi bréf hinn 5. október 2020 til Skólameistarafélags Íslands þar sem skólameistarar framhaldsskóla voru hvattir til þess að meta annars vegar álag starfsmanna við viðkomandi skóla og hins vegar fjárhagslega getu skóla til álagsgreiðslna. Ráðuneytið hefur litið jákvætt á það ef framhaldsskólar geta veitt umbun vegna mikils álags. Bent er á að samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ber forstöðumaður stofnunar ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Ráðuneytið hefur fengið þær upplýsingar að allir framhaldsskólar hafi komið til móts við kennara sína, langflestir með viðbótargreiðslum en aðrir með öðrum hætti, svo sem fríðögum, gjafakortum ofl.


15. Hversu margir námssamningar nema í iðngreinum hafa verið staðfestir frá 1. mars borið saman við næstu fimm ár á undan? Hversu mörgum námssamningum hefur verið sagt upp frá upphafi kórónuveirufaraldursins?

Meðfylgjandi er yfirlit yfir nema á námssamningi í löggiltum iðngreinum hinn 1. mars 2016, 2017, 2018, 2019 og 2020. Er helst fækkun í matreiðslu og framreiðslu en flestar hinar iðngreinar eru með svipaðan fjölda og árin á undan og sumar jafnvel með fleiri nema á samningi nú í ár en áður.

Iðngrein	1.3.2016	1.3.2017	1.3.2018	1.3.2019	1.3.2020
Bakaraiðn	24	25	32	30	35
Bifreiðasmíði	2	3	3	7	4
Bifvélavirkjun	17	10	18	7	17
Bílamálun	2	2	2	4	6
Blikksmíði	21	14	15	18	15
Bókband	1	0	0	1	1
Framreiðsluïðn	52	57	73	47	23
Grafísk miðlun			5	3	2
Gull- og silfursmíði	4	1	2	5	3
Hársnyrtiïðn	53	37	36	40	42
Húsasmíði	102	71	90	130	101
Húsgagnabólstrun	1	0	0	0	0
Húsgagnasmíði	12	7	5	5	1
Kjólasaumur	5	3	3	2	2
Kjötiðn	14	14	17	13	10
Kjötskurður	5	0	0	0	0
Klæðskurði	1	1	2	0	3
Konditor				1	2
Ljósmyndun	2			1	1
Matreiðsla	245	223	214	202	161
Málaraiðn	16	8	13	23	23
Mjólkuriðn	1	4	7	7	5

Múraraiðn	21	17	15	16	15
Netagerð	1	1	5	2	4
Pípulagnir	45	42	56	51	53
Rennismíði	5	2	3	5	3
Rafiðngreinar	151	154	141	107	120
Skósmíðaiðn	1	1	0	0	0
Snyrtifræði	22	3	11	19	15
Stálsmíði	8	7	10	16	5
Söðlasmíði				1	
Úrsmíði	2	1	4	4	2
Veggfóðrun og dúklagnir	1	1	2	3	7
Vélvirkjun	72	48	60	73	50
Samtals	909	757	844	843	731

Í súluritinu sem fylgir má sjá riftanir námssamninga í löggiltum iðngreinum frá 1. mars til 11. janúar 2021. Alls var 44 námssamningum rift frá 1. mars til 11. janúar 2021 og þar af voru 24 samningar í matreiðslu. Tekið skal fram að úrræði stjórnvalda t.a.m. hlutabótaleiðin varð til þess að fyrirtækin sögðu ekki upp námssamningi við nemendur og þá tók Menntaskólinn í Kópavogi inn fleiri nema en alla jafna á haustönn í matreiðslu og framreiðslu til að létta á fyrirtækjum í veitingageiranum. Gert er ráð fyrir því að staðan í veitingahúsum verði áfram erfið eftir áramót og fram á vor.



Til þess að koma til móts við nemendur á námssamningum í þessu erfiða atvinnuástandi hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett nýja reglugerð um vinnustaðanám, nr.180/2021, sem kemur í stað reglugerðar um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað, nr. 840/2011. Nýja reglugerðin tekur gildi 1. ágúst 2021 og helstu breytingarnar fela í sér að í

stað þess að nemandi þurfi að finna sér vinnustaðanám, sem er hluti af hans námsferli, er ábyrgðin færð yfir á skólana með þeim hætti að þeir skuli finna vinnustaðanám handa nemendum. Með þessu er verið að tryggja að allir nemendur geti komist að í vinnustaðanámi en það hefur hingað til verið vandkvæðum bundið. Ef skólanum tekst ekki að finna vinnustaðanám handa nemendum sínum þá er lagt til með reglugerðinni að farin verði svokölluð skólaleið. Í skólaleiðinni felst að skólinn í samstarfi við atvinnulífið atvinnulífið tryggir að nemandi fái vinnustaðanám. Vinnustaðanámið gæti þá farið fram í skólanum sjálfum eða á vinnustöðum, einum eða fleiri.

16. Hversu margir framhaldsskólar hafa tekið upp grímuskyldu og hefur hún haft áhrif á námið?

Öllum framhaldsskólum ber að fara eftir ákvæðum reglugerðar um takmörkun á skólastarfi hverju sinni, en þar segir í sameiginlegum rýmum skóla, svo sem við innganga, í anddyri, á salerni og göngum, sé heimilt að víkja frá fjöldatakmarkun og reglu um blöndun hópa að því gefnu að notast sé við andlitsgrímu. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmarkun, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og í kennslu nemenda á starfsbrautum, skulu nemendur og kennarar nota andlitsgrímu.

17. Hvernig er félagslífi háttað í framhaldsskólum á tímum kórónuveirufaraldursins?

Skólastjórnendur hafa haft áhyggjur af því að sóttvarnaáðgerðir geri það að verkum að ekki sé hægt að halda uppi hefðbundnu félagslífi nemenda í framhaldsskólum. En í reglugerðum um takmarkanir á skólastarfi segir í kafla um framhaldsskóla: „Aðrir viðburðir sem ekki teljast til kennslu eða náms skulu ekki fara fram í skólabyggingum”. Ráðuneytið fór þess á leit við stjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema SÍF sl. haust að stjórnin kæmi með hugmyndir um viðburði sem væri hægt að halda fyrir framhaldsskólanema á meðan fjöldatakmarkanir gilda í skólum. Tillögur um „öðruvísi” félagslíf voru sendar til formanna nemendafélaganna og félagsmálafulltrúa skólanna. Þarna voru hugmyndir eins og rafrænar ljósmyndakeppnir, spurningakeppnir, tölvuleikjakeppnir, lagasmíði, skák, stuttmyndahátíð, hönnunarkeppni ofl. Nemendafélög voru hvött til samvinnu við aðra skóla og til þess að bjóða upp á tónleika, ljóðakvöld, uppistand o.þ.h.

18. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að auka námstækifæri fyrir atvinnulausa?

Í fjárákalogum nr. 26/2020 var veitt auka fjárheimild til málefna sviðs framhaldsskóla til að bjóða upp á sumarnám á framhaldsskólastigi. Nám á sumarönn var sniðið bæði fyrir nemendur og einstaklinga á atvinnuleysisbótum. Verkefninu var ætlað að koma til móts við aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19. Markmiðið var að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks og virkni því fyrirséð var að hefðbundin sumarstörf nemenda í framhaldsskólum yrðu af skörnum skammti. Markhópur sérstakra námsúrræða á framhaldsskólastigi var nemendur í framhaldsskólum, nýútskrifaðir nemendur úr grunnskólum, einstaklingar sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang. Námið var staðnám, fjarnám eða blanda af því og skipulagt til eininga og var gjaldfrjálst fyrir nemendur, nema hvað varðaði efniskostnað. Tíu framhaldsskólar buðu upp á sumarnám þar sem 650 nemendur tóku þátt í 46 áföngum. Áfangarnir voru mjög fjölbreyttir list-, verk- og bóknámsáfangar.

Sumarnámið gekk afar vel og hafa borist fyrirspurnir um hvort átakið verði aftur í boði sumarið 2021, m.a. frá Landssamtökum íslenskra stúdenta og framhaldsskólum.

Um haustið 2020 var auknu fjármagni að upphæð 550 m. kr. veitt til þess að mæta fjölgun nemenda í framhaldsskólum vegna Covid – 19 og alls 500 m. kr. til háskóla. Á fjárlögum 2021 verða veittar til almennrar fjölgunar nemenda á framhaldsskóla – og háskólastigi alls 3.600 m. kr., eða 1.700 m. kr. til framhaldsskóla og 1.900 m. kr. til háskóla.

Auk þess verða veittar á fjárlögum 2021 vegna þátttöku langtímaatvinnuleitenda í áttakinu Nám er tækifæri, alls 2.700 m. kr., eða 1.700 m. kr. til framhaldsskólastigs og 1.000 m. kr. til háskólastigs. Þá var svigrúm aukið innan framhaldsfræðslunnar til að bjóða atvinnuleitendum með stutta skólagöngu upp á fleiri námstækifæri og gert ráð fyrir fjárveitingum frá Vinnumálastofnun inn í framhaldsfræðslukerfið alls 325 m.kr fyrir 2021 og 175 m.kr. fyrir 2022. Einnig var gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun gæti nýtt raunfærnimatsþjónustu framhaldsfræðslukerfisins með viðbótarfjárveitingum, 115 m.kr. fyrir 2021 og 45 m.kr. fyrir 2022.

Ráðuneytið hvatti skóla til að taka við fleiri nemendum en áður, þ.m.t. atvinnulausum einstaklingum. Niðurstaðan er sú að á framhaldsskólastigi voru innritaðir haustið 2020 um 1500 nemendum (1320 nemendur í fullu námi) fleiri en á sama tíma árið á undan og er fjölgunin 7,4%. Um 51% þeirra eru skráðir í starfsnám. Fjölgunin er aðallega í starfsnámsskólum, þar af mest í Tækniskólanum, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Menntaskólanum í Kópavogi. Jafnframt varð mikil fjölgun í fjarnámi s.s. í Verslunarskóla Íslands. Framhaldsskólar hafa bætt við fleiri hópum í dagskóla og kvöldskóla og sérstök skipulögð úrræði hafa verið sett af stað í dreifnámi. Jafnframt liggur fyrir að brotthvarf nýnema sem koma beint úr grunnskóla hefur minnkað um 1%-stig, þ.e. úr 5% 2019 í 4% haustið 2020.

Veruleg fjölgun hefur orðið í haust á skráðum nemendum í háskóla. Skráðir háskólanemar haustið 2020 eru 20.133 sem er aukning um 2.495 nemendur (14,1%) frá meðaltali síðustu tveggja ára á undan (17.638) og um 2082 (11,5%) frá árinu 2019. Fjölgun er merkjanleg í öllum háskólunum sjö og þvert á öll fagsvið en þó hefur aðsókn aukist hlutfallslega mest í nám sem krefst þjálfunar í minni hópum og því kostnaðarsamt í framkvæmd, svo sem kennaranám, hjúkrunarnám, og starfsmenntanám við Landbúnaðarháskóla Íslands, þó einnig sé fjölgun í félags- og mannvísindum.

Atvinnuleitendur geta hafið fullt nám og fengið fullar atvinnuleysisbætur í eina önn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eftir fyrstu önnina geta nemendur í starfsnámi sótt um námslán hjá Menntasjóði námsmanna. Fjármögnun er tryggð fyrir allt að 3000 atvinnuleitendur sem hafa verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur og vilja skrá sig í nám á vorönn 2021, haustönn 2021 eða vorönn 2022. Átakið „Nám er tækifæri“ afmarkast við starfs- og tækninám í framhaldsskólum eða háskólum en fyrirsjáanlegur skortur er í þeim geirum á vinnumarkaði. Einnig er hægt að velja innan átaksins að fara í margskonar aðfararnám (brúarnám) eða nám í heilbrigðis- og kennslugreinum, en þar hefur einnig verið metinn fyrirsjáanlegur skortur á starfsfólki. Þá er framhaldsfræðslan opin þeim atvinnuleitendum sem kjósa að stunda nám hjá símenntunarmiðstöðvum og öðrum viðurkenndum fræðsluáðilum. Til að efla menntun og sporna við óvirkni í kjölfar atvinnuleysis þá eru allir atvinnuleitendur hvattir til að nýta tímann til frekari menntunar. Þannig er hægt að stunda 12 eininga nám samhliða virkri atvinnuleit eða að taka þátt í margskonar öðrum vinnumarkaðsúrræðum m.a. í samstarfi við skólana.